

Gátlisti fyrir verkefnastjóra í raunfærnimati

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, september 2011

a. Undirbúningur - Lög og reglugerð		
Hvað ?	Ábendingar FA	Framkvæmd
Á hvaða lögum og reglum byggir raunfærnimat?	<p>Meginstoðin er í lögum um framhaldsfræðslu, lög númer 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu númer 1163. Þar er fjallað um markmið, inntak og framkvæmd raunfærnimats.</p> <p>Einnig er grein í framhaldsskólalögum (92/2008) sem kveður á um rétt nemenda sem innritast í framhaldsskóla að raunfærni hans sé metin.</p>	
Ábyrgð á verkefninu	<p>Það kemur fram í reglugerð no.1163 að raunfærnimat fari fram á vegum viðurkenndra fræðsluaðila sem starfa á grundvelli laga um framhaldsfræðslu. Í þriðju grein reglugerðarinnar kemur fram hvernig sótt er um viðurkenningu og hvaða upplýsingar þarf að leggja fram umsókninni til stuðnings.</p> <p>Þetta ákvæði er ekki að fullu komið í gildi (jan 2012) enda reglugerðin nýlega komin út.</p>	
Leita upplýsinga frá FA um fyrri verkefni	<p>FA heldur utan um upplýsingar um fyrri verkefni og árangur þar með talið færnikröfur/gátlista.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hefur raunfærnimat farið fram áður í viðkomandi starfsgrein? • FA veitir ráðgjöf um verkefni á hugmyndastigi ef óskað er eftir því 	
Hagsmunaaðilar	<p>Mikilvægt er að hagsmunaaðilar komi að og/eða séu upplýstir um raunfærnimatsverkefni á byrjunarstigi.</p> <p>Dæmi um samstarfsaðila:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skóli/skólar /kjarnaskóli • Aðrar fræðslustofnanir / símenntunarmiðstöðvar/ fræðslumiðstöðvar iðngreina • Aðilar vinnumarkaðarins • Starfsgreinatengdir aðilar • Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 	
<p>Tryggja fjármögnum áður en lagt er af stað.</p> <p>Nánari upplýsingar um fræðslusjóð http://www.frae.is/um-fa/fraedslusjodur/</p>	<p>Fræðslusjóður veitir fé til raunfærnimatsverkefna. Hann starfar á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 Fræðslusjóður gerir kröfur um aðferðafræði í reglugerð um framhaldsfræðslu no. 1163</p> <p>Fjármagni frá Fræðslusjóði til raunfærnimatsverkefna má skipta í:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gátlistagerð • Raunfærnimat • Náms- og starfsráðgjafar • Þróunarvinnu 	
Mikilvægt er að verkefnastjóri þekki lög og reglugerðir sem snúa að raunfærnimati. Verkefnastjórar eru eindregið hvattir til að kynna sér það efni og einnig gátlista fyrir fagaðila og ráðgjafa.		

b. Undirbúningur Áður en þátttakenda er aflað	
Hvað ?	Ábendingar FA
Stýrihópur Reglugerð 1163 Verkefni stýrihóps, sjá – Gátlisti fyrir stýrihóp FA 2008 Val á fagaðilum til að framkvæma raunfærnimat.	<p>Í reglugerð no. 1163 kemur fram að fræðsluaðilar sem annast raunfærnimat skuli koma á laggirnar sérstökum stýrihóp fyrir hverja námsgrein, námsleið, starfsgrein eða starfsgreinaflokk. Hópurinn beri sameiginlega ábyrgð á að niðurstöður raunfærnimats séu réttmætar og gildi á vinnumarkaði og í skólakerfi óháð staðsetningu. Einnig er kveðið á um samsetningu hópsins</p> <p>FA veitir ráðgjöf til stýrihópa, sé þess óskað. Það á sérstaklega við, ef um er að ræða nýjar starfsgreinar eða starfssvið .</p> <p>Einnig ber þessi hópur ábyrgð á að velja fagaðila og skipta þeim út ef þeir reynast ekki starfinu vaxnir.</p>
Þróun á raunfærnimati og fræðsla Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	<p>Í þjónustusamningi milli Mennta og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 24. nóvember 2010 er fjallað um hlutverk FA vegna raunfærnimats: Tryggja þróun og útbreiðslu raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess, og veita starfandi fagfólki þjálfun og endurgjöf.</p>
Nytsamar upplýsingar um raunfærnimat	<p>Raunfærnimat felur í sér að fylgja þarf aðferðafræði. Hægt er að nálgast upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Raunfærni – raunfærnimat. FA bæklingur • Lög um framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. • Reglugerð no. 1163 um framhaldsfræðslu • Evrópuleiðbeiningar Cedefop • Leiðarvísir fyrir matsaðila í raunfærnimati • Gátlistar fyrir verkefnastjóra, fagaðila og ráðgjafa. • Ársrit FA, Gátt – greinar og fræðsla • Námskeið FA - Haldin 3 til 4 sinnum á ári
Kröfur á fagaðila Námskeið um raunfærnimat	<p>Í reglugerð no. 1163 kemur fram að fagaðilar skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.</p> <p>Í janúar 2012 lágu þessar kröfur ekki fyrir frá ráðneytinu en leiða má líkur að því að kröfurnar snúi að því að viðkomandi fagaðili hafi sótt námskeið um framkvæmd.</p>

<p>Verkátætlun</p> <p>Algengustu mistökun sem gerð eru hjá aðilum sem ekki hafa komið að stýringu raunfærnimatsverkefna áður er að vanmeta tíma sem fer í undirbúning og tengslavinnu.</p>	<p>Helstu þættir í verkátætlun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hver gerir hvað? • Fjárhagsátætlun og samningar um ráðstöfun fjár • Öflun þátttakenda og skimun á þeim sem sækja um • Færnimappa og sjálfsmat • Raunfærnimat • Niðurstöður og framhald • Ráðgjöf og hlutverk ráðgjafa <p>Mikilvægt er að verkátætlun byggi á aðstæðum þeirra sem koma að verkefninu og taki tillit til þátttakenda.</p> <p>Dæmi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hvaða tími hentar best fyrir matsaðila? • Hvaða tími hentar best fyrir þátttakendur • Leiðir eftir raunfærnimat, t.d. skólaseta.
<p>Verkefnaskipting og ábyrgð</p> <p>Hægt er að nálgast dæmi um verka- og ábyrgðarskiptingu hjá FA</p>	<p>Áður en verkefnið fer á framkvæmdastig er mikilvægt að það sé skýrt hver beri ábyrgð á einstökum verkþáttum og hvað felst í þeirri ábyrgð. Mælt er með því að verkefnum sé skipt með samningi milli framkvæmdaaðila.</p> <p>Gangið einnig frá samningum um greiðslur til einstakra verkta t.d. fagaðila sem sjá um mat. Munið samt að fagaðilar eru ábyrgir fyrir niðurstöðum og geta því þurft sitt svigrúm til að nálgast niðurstöðu.</p> <p>Einnig er mikilvægt að gert sé ráð fyrir að þeir fái tíma til að kynna sér færnimöppur og sjálfsmat.</p>
<p>Að loknum undirbúningi á að liggja fyrir verkaskipting, tíma og fjárhagsátætlun. Einnig þarf að vera búíð að móta kröfur um starfsreynslu og aldur þátttakenda og velja og þjálfa þá sem eiga að koma að framkvæmd.</p>	

C ■ Framkvæmd Öflun þátttakenda og kynning	
Þegar um ný verkefni er að ræða þarf að virkja sem flesta til kynningarstarfa. Ekki er til ein leið sem er „best“. Mismunandi starfsgreinar kalla á mismunandi aðferðir. Gott er að hafa í huga að meðalaldur þeirra sem koma í raunfærnimat er um 35 ár.	
Hvað ?	Ábendingar FA
Prentað efni	Bæklingar sem skýra út í hverju raunfærnimat er fólgið og ávinning þátttakenda. Hægt er að nálgast sýnishorn hjá FA og á heimasíðu FA.
Auglýsingar í blöðum	Hafa verið notaðar með góðum árangri í iðngreinatengdum verkefnum en með misjöfnum árangri í öðrum verkefnum. Landsbyggðin hefur horft mikið til landsbyggðablaða.
Náms- og starfsráðgjafar	Ef raunfærnimatsverkefni eru kynnt með góðum fyrirvara og snúa að fjölmönnum starfsgreinum þá geta ráðgjafar símenntunarmiðstöðva verið mikil hjálp við öflun þátttakenda.
Kynningarfundir á vinnustöðum	Eru góðir ef vinnustaðir eru þess eðlis, að margir á viðkomandi vinnustað falla undir markhóp verkefnisins.
Kynningarfundur Dæmi um dagskrá <i>Leiðarvísir fyrir matsaðila í raunfærnimati, bls. 9</i>	Markmið kynningarfundar er að upplýsa og gefa áhugasömum tækifæri á að taka upplýsta ákvörðun um þátttöku.
Verkalýðsfélög	Geta reynst öflug. Sérstaklega á það við þegar raunfærnimatið er fagtengt og stéttarfélagið er jafnframt fagfélag.
Hve margir í hvert verkefni?	Algengustu hópastærðir eru 12 til +20. Fjöldi þarf að taka mið af því í hvaða starfsgrein er verið að raunfærnimeta. Raunfærnimat er mis umfangsmikið eftir starfsgreinum, hversu marga matsaðila þarf til, hversu mörg matsviðtöl þarf að taka og hversu margir færniþættir eru undir.
Ef fleiri sækja um en komast að?	Áður en verkefnið er kynnt þá þarf að liggja fyrir, hvað ræður vali á þátttakendum ef fleiri sækja um en komast að í verkefninu. Brýnt er að þeim sem ekki komast að sé boðið upp á ráðgjöf og aðra þjónustu.
Upplýsingagjöf til þátttakenda á að miða að því að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort þeir ætla að taka þátt. Gæta verður þess að slá ekki af kröfum um starfsreynslu og aldur ef fáir sækja um.	

d. Framkvæmd Raunfærnimat		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið / Dags
Boðun og skipulagning í viðtöl.	<p>Á ábyrgð verkefnastjóra en samkomulag um það hver tekur það að sér. Oft eru það ráðgjafar sem sjá um boðun.</p> <p>Fagaðilarnir ráða mestu um það hvenær matsviðtöl fara fram og þátttakendur þurfa að laga sig að þeirra tíma. Sjálfsagt er þó að taka tillit til þarfa þátttakenda ef mögulegt er.</p>	
Hvar á matið að fara fram?	Áherslur FA eru að skapa þægilegt andrúmsloft og ef matsaðilar vilja nýta tæki og verkfæri sem tengjast viðkomandi grein sé tekið tillit til þess.	
Skráning á niðurstöðum Hægt er að nálgast dæmi um aðferðir til að skrá niðurstöður hjá FA.	Fagaðilar þurfa að skila af sér niðurstöðu þannig að hægt sé að leita í hana síðar til rökstuðnings. Ýmsar leiðir er hægt að nota til að skrá niðurstöður t.d. umsagnir, mati á dýpt og breidd þekkingar og lausnir í raundæmum.	
Hversu mörg viðtöl og lengd viðtala?	Það er misjafnt eftir greinum hversu margir fagaðilar þurfa að koma að og hversu mikið er hægt að samþætta áfanga. Lengd viðtala verður þó að taka mið af því hversu þátttakendur „halda út“. FA ráðleggur að hvert viðtal fari ekki yfir tvo tíma.	
Meðferð á kvörtunum og kærnum Rökstuðningur fyrri niðurstöðu Er hægt að fara fram á annað mat ef ekki er sátt um niðurstöðu? <i>Reglugerð no. 1163</i>	<p>Verkefnastjóri er ábyrgur fyrir því að þátttakendur séu upplýstir um leiðir til að koma kvörtunum á framfæri. Hann er einnig ábyrgur fyrir því að vinna úr kvörtunum ef þær berast.</p> <p><i>Þátttakandi í raunfærnimati á rétt á að fá niðurstöðu endurmetna hjá þeim fræðsluaðila sem ber ábyrgð á matinu og þarf að styðja slíka beiðni ítarlegum viðbótargögnum.</i></p> <p>Það eru fagaðilar sem eru ábyrgir fyrir niðurstöðum og veita skýringar. Á þetta ákvæði hefur ekki reynt t.d. hvað eru ítarleg gögn. Ef slík beiðni kemur fram er það á ábyrgð viðkomandi fræðsluaðila að taka afstöðu til hennar. Eitt af því sem yrði skoðað væru gögn fagaðila um matið.</p>	
Rökstuðningur fyrir niðurstöðu	Ef sá sem fer í raunfærnimat óskar eftir rökstuðningi fyrir niðurstöðu þá á hann rétt á henni. Það eru fagaðilar sem eru ábyrgir fyrir niðurstöðum.	
Ráðgjöf	Ráðgjafar eru stuðningsaðilar og gæta réttar þess sem fer í raunfærnimat . FA mælir með að ráðgjafar sitji fyrsta matsviðtalið en eftir það sé það valkvætt fyrir þann sem fer í mat.	
Trúnaður og meðferð gagna	<p>Sá sem fer í raunfærnimat á rétt á trúnaði. Verkefnastjóra ber að tryggja að meðferð gagna sé miðuð við það, og þeir sem koma að ferlinu séu upplýstir um það.</p> <p>Gögn sem verða til á ferlinu (færnimappa og sjálfsmat) eru eign þátttakenda og um þau skal ríkja trúnaður. Það er á ábyrgð verkefnastjóra að koma þeim til skila þegar verkefninu er lokið.</p>	
<p>Upplýsingagjöf og ut anumhald eru lykilþættir á þessu stigi. Það reynir á verkefnastjórnann og vandaðan undirbúning.</p>		

e. Eftirfylgni – Frágangur		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið / Dags
<p>Staðfesting á færni. Viðurkenningarskjöl</p> <p>Hægt er að nálgast dæmi hjá FA.</p>	<p>Ef raunfærnimat fer fram á móti námsskrá þá er gefin út staðfesting á, í hvaða námsþáttum viðkomandi stóðst matið. Ekki eru gefnar einkunnir en notaður bókstafurinn M. Ekki er þörf að taka fram í hvaða námsþáttum mat fór fram án þess að viðkomandi stæðist það.</p> <p>Ef raunfærnimat fer fram á móti viðmiðum atvinnulífsins þarf stýrihópur fyrir viðkomandi verkefni að ákveða hvernig niðurstöður eru settar fram.</p>	
Skráning eininga í INNU	<p>Í mörgum tilvikum eiga skólar erfitt með að skrá einingar inn í INNU nema viðkomandi sé skráður sem nemandi í viðkomandi skóla.</p> <p>Í þeim tilvikum eru einingar ekki formlega skráðar inn fyrir en viðkomandi skráir sig í skóla til að ljúka námi.</p> <p>Vonast er til að þetta breytist í náninni framtíð og einingar sem metnar eru með raunfærnimati verði skráðar óháð því hvort viðkomandi skráir sig í skóla að loknu raunfærnimati eða ekki.</p>	
Tölur og upplýsingar	<p>Sendu þarf upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður til FA. Þá er annarsvegar um að ræða tölulegar upplýsingar og hins vegar skýrslu um hvernig framkvæmdin gekk. Niðurstöður fyrir einstaka þátttakendur skrást inn í My School</p>	
Eftirfylgni við þátttakendur	<p>Það hefur sýnt sig að eftirfylgni er mjög mikilvægur þáttur í því að auka líkur á að þátttakendur nýti sér raunfærnimat t.d. til að ljúka skólagöngu.</p> <p>Ráðgjafar eru lykilaðilar í eftirfylgni og oft á tíðum skapast einnig góðar og virkar tengingar við matsaðila sem oftast eru jafnframt starfsmenn skóla.</p>	
Stýrihópur og hagsmunaaðilar	<p>Mikilvægt er að upplýsa þessa aðila um árangur verkefnisins og safna saman ábendingum og þeirra upplifun. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að ef verkefnið hefur gengið vel hjá þér er líklegt að það eigi erindi í aðra landshluta.</p>	
Raunfærnimat er ekki afsáttur á kröfum um færni og þekkingu.		